

Fylgiskjal B. Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017 til 2019

Tillaga:

Menningar- og ferðamálaráð leggur til að auglýst verði eftir Borgarhátíðum Reykjavíkur 2017 – 2019. Nokkrar lykilhátíðir verða valdar sérstaklega af menningar- og ferðamálaráði og fá viðurkenninguna Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017-2019. Þær þurfa að uppfylla sérstök skilyrði skv. sérstakri auglýsingu.

Greinargerð:

Nýtt fyrirkomulag borgarhátíða byggir á upphaflegri hugmynd um Borgarhátíðasjóð sem borgarráð samþykkti í árslok 2011 og hefur verið hluti af árlegum styrkveitingum menningar- og ferðamálaráðs 2012-2016. Tilgangur valsins er að styðja samfellu og framþróun í hátíðum sem þegar hafa sannað gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd borgarinnar auk efnahagslegs umfangs. Markmið með þessu fyrirkomulagi byggir á áherslum í menningar- og ferðamálastefnum borgarinnar. Valdar verði nokkrar lykilhátíðir á ólíkum sviðum menningar- og lista og gerður við þær samningur til þriggja ára.

Til að hátíð geti verið valin sem borgarhátíð þarf hún að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) vera til eflingar menningar og listum í Reykjavík
- b) vera opin almenningi, aðgengileg og sýnileg
- c) hafa verið haldin að lágmarki fimm sinnum
- d) vera haldin árlega
- e) vera með alþjóðlega tengingu
- f) standa yfir í þrjú daga eða lengur
- g) vera með faglega stjórn
- h) viðhafa góða stjórnarhætti
- i) rekstrarlegt gegnsæi
- j) fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði
- k) sé framúrskarandi á sínu sviði

Við val á Borgarhátíðum Reykjavíkur 2017-2019 verður litið til þátta eins og nýsköpunar, umfangs, aðsóknar, kynningar, stöðugleika, þróunarmöguleika, margfeldisáhrifa, atvinnuskapandi þátta, tímasetningar innan ársins, möguleika hátíðanna á eigin tekjuöflun og þróun í átt að sjálfbærni. Samfélagsleg vídd í starfsemi hátíðanna er mikilvæg m.a. menningaruppeldi barna, samstarf við íbúa, menningar- og listalíf, stofnanir borgarinnar, minnihlutahópa, umhverfismál o.fl.

Nýr samningur til þriggja ára felur í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur með tilskyldum fyrirvörum um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Samningar gilda áfram við aðrar hátíðir sem eru þegar með samning og enn aðrar hátíðir geta sótt um almenna menningarstyrki borgarinnar skv. auglýsingu á reykjavik.is/styrkir.